



DAGBOKARKORN ÚR NORÐURFERÐ DAGANA 1.9. - 28.9. 1967
ÖLAFUR SIGURJÓNSSON OG STEFÁN SIGURMUNDSSON

Október 1967

Dagbókarkorn úr norðurferð dagana 1.9. - 28.9. 1967
Ólafur Sigurjónsson og Stefán Sigurmundsson

- 1.9. Ekið til Akureyrar.
2. - 3.9. Mælingar í Eyjafirði. Tekið á móti Lokesh Chaturvedi á flugvelli Akureyrar.
- 4.9. Komið til Mývatns. Okkur er tilkynnt af borstjóra að þeir hafi fest í holunni daginn áður. Þegar tókst að losa, lyftist fóðringin með (sem sett var niður fáum dögum áður) en losnaði síðan skyndilega og féll niður, með þeim afleiðingum að flansinn, sem hélt henni uppi, rifnaði frá, og fóðringin fór ofan í holuna og var endi hennar ca. 9 m frá holubrún. Er búið var að taka stengur upp, kom í ljós að krónuna vantaði á endann, hafði hún slitnað frá.
- 5.9. Bormenn fiska fóðringuna, bæta við hana og koma henni fyrir aftur, eins langt niður og hægt er, en festa síðan í toppinn. Borun hefst á nýjan leik. Við Ólafur tókum til við að breyta og stilla tæringarprófunartækin.
- 6.9. Borað, en gengur illa, því gamla krónan þvælist fyrir. Tæringarprófunartæki stillt.
- 7.9. Borað gengur illa. - Fylgst með tæringarprófunartækjum.
- 8.9. Borað var í botn holunnar í nótt, dælt var á holuna vatni í fulla fjóra tíma 7-8 l/sek og fór allt út í æðar holunnar.

Í morgun var tekið upp og síðan reynt að koma fóðringu neðar, hvað ekki tókst, og var því endanlega búið um hana þar. Nær fóðring því á 595 m dýpi. Gengið var frá holunni að ofan til útblásturs í gegnum 2" rör lárétt.

Við Ólafur ákváðum í dag, að nú sé fengin nóg reynsla fyrir ágæti tæringarprófanatækja og sóttum því prufurnar til dr. Einars Tjörva í Kíslíðjunni, og þeim komið fyrir.

9.-10.9. Fylgst með tæringarprófunartækjum og beðið eftir holunni. Ólafur slasast og fer heim þ. 10.

11.9. Tæringarprófunartæki athuguð.

Mælt vatnsborð í holunni. Það hafði einnig verið gert undanfarna daga og var sem hér segir:

8. sept.	kl. 15	35	m
- " -	" 18	34	"
9. sept.	" 14	27	"
10. "	" 17	22,5	"
11. "	" 10	20,7	"
11. "	" 19	19,7	"

Eftir hádegi var dælt úr holunni með stimpli og var fyrsta vatnsgusan er upp kom um 70°C .

Dælt var um 30 m vatnssúlu í hvert sinn. Þetta var endurtekið 12-14 sinnum. Var hitinn þá kominn í 98 stig. Þá létt borstjóri hætta dælingu, setja lok á holuna og 2" útblástursrör.

Ekki var hægt að dæla holuna í gos meðan borun stóð yfir, því þá blési hún beint upp í "rótary" borsins. Ég talaði um það við Dagbjart að taka borinn burtu og draga holuna upp með bíl, eins og við gerðum árið áður við holu I og II.

Sagðist hann ekki mega taka borinn burt af holunni.
Var þefnæf um þetta um stund.

Ekki gaf dæling þessi meiri árangur en 1 meters
vatnsborðshækkun.

12.9. Holan hitamæld. Þá tókst ekki betur til en svo, að
mælir slitnaði af í hífingu er hann var kominn
alveg uppendir hjól. Næst þegar metrateljari var
notaður kom í ljós að hann var bilaður. Enda taldi
ég mig ekki vera kominn upp með mælinn, þegar hann
skall upp í. Við upphífingu á mælum, bæði
amerada og termistor, er hift mjög rólega vegna
möguleika á festun og öðru (krækist í, eða eitthvað
því um líkt). Við nánari athugun kom í ljós, að
segulnagli mælisins var orðinn mjög lélegur og
boldi ekki hnykkinn, þótt lítill væri, og spil
stillt þannig að átakið væri mjög lítið. Sem nýr
ætti naglinn að bola a.m.k. 5 sinnum það átak.

Ég talaði við Sveinbjörn, og varð úr að ég fékk
sendan nýjan mæli (enda þurfti að fá hann hvort eða
var vegna mælinga á heimleið á Akranesi).

Einnig var ákveðið að Guðmundur Sigurðsson kæmi með
fiskitæki og freistaði þess að fiska upp úr holunni.

Ég fór til Akureyrar að sækja mælinn og láta smíða
nýjan segulnagla í hinn mælisendann, er ég var með.

13.9. Guðmundur Sigurðsson kom með fiskitæki sín. Ég
talaði við Guðmund um að borinn þyrfti að fara
burt af holunni hið bráðasta, svo hægt væri að
draga hana upp. Guðmundur samþykkir það og hringir í
Ísleif og hann aftur í Dagbjart.

Við reyndum að fiska og voru gerðar þrjár tilraunir. Fyrst var fiskaranum rennt niður og var þvermál skálar $4 \frac{3}{4}$ ". Hann stoppaði á neðstu rörum í fóðringu og festist. Eftir að tókst að losa hann var skálin minnkuð í 4" og allt fór á sömu leið. Þá var skálin minnkuð í $3 \frac{1}{4}$ " og allt fór eins. Fiskarinn festist á sama stað og áður og tókst að losa hann með spili mælingabílsins - enda var fiskarinn festur í amerada-vír bílsins.

14.9. Í morgun var byrjað á að fella mastur borsins og ganga frá honum til flutnings. Um hádegi kom dráttarbíll frá Akureyri og dró hann skúra og borinn af planinu. Síðan var holan dregin upp, með mælingabílnum, og var farið líkt að og í fyrra sinnið, dregið um 30 m vatnssúla hverju sinni, og í 12. - 13. ferð kom holan upp.

Áður en farið var að draga holuna upp var T" - stykkið með útblástursstút (afkasta mælinga útbúnaður) sett á holuna og hún dregin upp í gegnum það. Var hún látin blása gegnum 6" stút. Holan var rennandi blaut.

15.9. Holan enn rennandi blaut, afkastamælingar hafnar. Allir mælar justeraðir fyrst.

16.-17.9. Fylgst með holunni.

18.9. Fylgst með holunni. Talað við Guðmund Pálason um árangur mælinga og það, að fjarlægja borstengur og annað tilheyrandi bornum til að rýma fyrir skilju og festlum.

- 19.9. Fylgst með holunni. Talað við Guðmund Pálason út af festlum, sem taka þyrfti í burtu vegna borsins. Talað við Svein S. Einarsson vegna hins sama, og komist að því, að við þyrftum að koma festlum fyrir.
- 20.9. Fenginn bill til að aka grús á staðinn sem undirlag og aðfylling fyrir festlana. Þeim komið fyrir. Fylgst með holunni, er hún mjög misblaut, sem sést greinilega á læknum er rennur frá henni.
Er frárennslisvatn holunnar mjög í sambandi við þrýsting á P_0 , undir 7,5 mikið vatn, yfir 8,0 lítið vatn.
- 21.9. Fylgst með holunni.
- 22.9. Fylgst með holunni. Settur kvikasilfur manometer við holuna til aflesturs á þrýstifalli yfirblendu.
23. - 27.9. Fylgst með holunni og spilað á hana.
(Skift um stúta o.fl.)
Ólafur kom þ. 27.
- 28.9. Holan hitameld. Farið heim, vegna dæluprógrams í Hlíðardal, Ölfusi.

Eftirmáli: Allur data fenginn Sveinbirni í sérskýrslu.
Allar upplýsingar um gang borunar eru fengnar frá borstjóra eða teknar beint úr dagbók Cardwell bors.

30. sept. 1967

Stefán Sigurmundsson